

Evrópuverkefni

á sviði
lítilla og meðalstórra fyrirtækja

*Evrópuverkefni
á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja*

ISBN 9979-871-05-9

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	6
INNGANGUR	7
<u>I. VERKEFNI Á SVIÐI UPPLÝSINGAMÍÐLUNAR</u>	8
I.1 EURO INFO CENTRE (UPPLÝSINGAMÍÐSTÖÐ UM EVRÓPUMÁLEFNI)	8
MARKMIÐ	8
FRAMKVÆMD	8
<i>Hvernig starfar kerfið?</i>	8
<i>Fyrir hverja - helstu verkefni</i>	8
<i>Dæmi um árangur</i>	8
UMSJÓNARAÐILI	8
<u>II. VERKEFNI TIL AÐ GREIÐA FYRIR SAMSTARFI FYRIRTÆKJA</u>	9
II.1 BC-NET - BUSINESS COOPERATION NETWORK (VIÐSKIPTA- OG SAMSTARFSNET)	9
MARKMIÐ	9
FRAMKVÆMD	9
<i>Hvernig starfar kerfið?</i>	9
<i>Fyrir hverja - leit að samstarfsaðila</i>	9
<i>Dæmi um árangur</i>	10
UMSJÓNARAÐILI	10
II.2 EUROPARTENARIAT (FUNDIR UM SAMSTARF)	11
MARKMIÐ	11
FRAMKVÆMD	11
<i>Hvernig er áætlunin framkvæmd?</i>	11
<i>Hvernig eru Europarténariat-fundir kostaðir?</i>	11
<i>Dæmi um árangur</i>	12
<i>Fyrir hverja?</i>	12
UMSJÓNARAÐILI	12
II.3 INTERPRISE (FUNDIR UM SAMSTARF)	13
MARKMIÐ	13
FRAMKVÆMD	13
<i>Hvaða skilyrði þarf að uppfylla?</i>	13
<i>Hvernig er áætlunin framkvæmd?</i>	13
<i>Hvernig eru fundir kostaðir?</i>	14
<i>Fyrir hverja?</i>	14
<i>Dæmi um árangur</i>	14
UMSJÓNARAÐILI	14
II.4 BRE - BUSINESS COOPERATION CENTRE (RÁÐGJÖF UM SAMSTARF)	15
MARKMIÐ	15
<i>Hlutverk BRE-fulltrúa - fyrir hverja?</i>	15
<i>Hvernig starfar kerfið?</i>	15
<i>Dæmi um árangur</i>	16
UMSJÓNARAÐILI	16
<u>III. RÁÐGJAFEVERKEFNI</u>	17

III.1 EUROMANAGEMENT (RÁÐGJAFEVERKEFNI)	17
MARKMIÐ	17
FRAMKVÆMD	17
<i>Fyrir hverja?</i>	17
<i>Dæmi um árangur</i>	17
<i>Umsjónaraðili</i>	17
IV. AÐGANGUR AÐ RANNSÓKNARVERKEFNUM	18
IV.1 AÐGERÐIR SEM HVETJA FYRIRTÆKI TIL ÞÁTTTÖKU Í RANNSÓKNAR- OG ÞRÓUNARVERKEFNUM - CRAFT	18
ALMENNT	18
MARKMIÐ	18
FRAMKVÆMD	18
<i>Fyrir hverja?</i>	18
<i>Könnunarstyrkir (Exploratory awards)</i>	18
<i>Samstarfsverkefni (Co-operative research projects)</i>	18
KÖNNUNAR- OG SAMSTARFSSTYRKIR EFTIR ÁÆTLUNUM	19
<i>Dæmi um árangur</i>	19
UMSJÓNARAÐILAR	19
IV.2. INNOVATION (NÝSKÖPUNARÁÆTLUN)	20
MARKMIÐ	20
FRAMKVÆMD	20
<i>Aðstoð sem fyrirtækjum stendur til boða</i>	20
<i>Fyrir hverja?</i>	21
<i>Dæmi um árangur</i>	21
UMSJÓNARAÐILI	22
V. UNDIRVERKTAKA (SUBCONTRACTING)	23
ALMENNT	23
FRAMKVÆMD	23
<i>Bætt upplýsingastreymi og bætt samskipti milli aðalverktaka og undirverktaka</i>	23
<i>Fyrirtæki hvött til undirverktöku í ríkjum utan Evrópusambandsins</i>	24
<i>Fyrir hverja?</i>	24
UMSJÓNARAÐILI	24
VI. NOKKUR ÖNNUR VERKEFNI INNAN EES OG ÚTGEFIÐ KYNNINGAREFNI	25
OBSERVATORY PROJECT (RANNSÓKNIR Á STARFSUMHVERFI FYRIRTÆKJA)	25
IMPACT II (INFO 2000) (ÁÆTLUN UM EFLINGU UPPLÝSINGAMIÐLUNAR).....	25
LEONARDO (STARFSÞJÁLFUNARÁÆTLUN ESB)	25
STYRKIR EVRÓPUSAMBANDSINS TIL RANNSÓKNA OG TÆKNIÞRÓUNAR	25
KOSTNAÐARÚTREIKNINGAR VEGNA “FJÓRÐU RAMMAÁÆTLUNARINNAR”	26
YFIRLIT YFIR FJÓRÐU RAMMAÁÆTLUN EVRÓPUSAMBANDSINS	26

FORMÁLI

Finnur Ingólfsson

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Íslenskt atvinnulíf er á æ fleiri sviðum að verða hluti af hinum alþjóðlega markaði sem sést best af aðild Íslands að EES-samningnum og nýjum GATT-samningi. Keppinautar okkar eru því í vaxandi mæli fyrirtæki út um allan heim, sem við verðum að standast samkeppni við á öllum sviðum. Með EES-samningnum fá fyrirtæki hindrunarlausan aðgang að viðskiptavinum og margvísleg tækifæri s.s. á sviði markaðsmála, framleiðslu, tæknisamstarfs, við þekkingaröflun og við leit að samstarfsaðilum. Samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði skapar því íslensku atvinnulífi margvísleg tækifæri og aðgang að aðgerðum til stuðnings atvinnulífi í Evrópu. Eitt hið mikilvægasta í þessu sambandi eru aðgerðir til eflingar litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Tilgangurinn með riti þessu er að kynna helstu verkefni á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja innan EES-samningsins, samhliða því að stuðla að aukinni þátttöku Íslendinga í þeim verkefnum. Hér á landi, eins og annars staðar í Evrópu, eru það fyrirtæki af þessari stærð sem eru vaxtarbroddurinn í atvinnulífinu. Það er því afar brynt að þau tækifæri sem hér um ræðir verði sem best nýtt.

Ritið er eitt af fyrstu verkefnum nefndar sem ég skipaði síðastliðið sumar til að vinna að átaki til að efla samkeppnishæfni atvinnulífs, sérstaklega lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Nefndin á að beita sér að þrem megin viðfangsefnum. Þau eru í fyrsta lagi að koma með tillögur um á hvern hátt þeir möguleikar sem EES-samningurinn skapar verði sem best nýttir, samhliða miðlun þeirra upplýsinga til atvinnulífs. Í öðru lagi vinni nefndin að mótun og framkvæmd sérstakrar atvinnuþróunar- og nýsköpunarstefnu. Í þriðja lagi kanni nefndin á hvern hátt auka megi skilvirkni og samræmingu þeirra stuðningsaðgerða sem nú eru fyrir hendi eða gera tillögur um nýjar, þar sem atvinnugreinum verði tryggður jafn aðgangur. Á tímum örra breytinga, framfara og aukinnar samkeppni, er mikilvægt að stjórnvöld styðji við bakið á fyrirtækjum með almennum aðgerðum, s.s. þeim sem kynntar eru í þessu riti. Ritið, sem unnið er að frumkvæði ráðuneytisins, er eitt þeirra verkefna sem á undanförunum vikum hefur verið unnið að á vegum þess og miða að því að efla samkeppnishæfni atvinnulífs, styrkja efnahagslíf, bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja, auka verðmætasköpun og bæta lífskjör.

Framþróun atvinnulífs og bætt lífskjör hér á landi eru ekki síst undir því komin hvernig okkur tekst að nýta þá þekkingu sem fólgin er í verkefnum sem snúa að upplýsingamiðlun og samstarfi á borð við þau sem hér eru kynnt. Landfræðilegar aðstæður ásamt öðru gera það einnig að verkum að mikilvægt er fyrir íslensk fyrirtæki að fylgjast vel með þessum málum og nýta þau tækifæri sem gefast.

Að framansögðu vil ég hvetja stjórnendur fyrirtækja til að kynna sér innihald þessa rits gaumgæfilega. Það er mat þeirra, sem hafa kynnt sér sérstaklega þau málefni sem hér er fjallað um, að íslenskra fyrirtækja bíði fjöldi ónýtttra tækifæra á hinu Evrópska efnahagssvæði. Þessi tækifæri ber okkur að nýta og keppa þannig að bættum lífskjörum í landinu. Það er von mín að framtakinu verði vel tekið og að íslensk fyrirtæki eigi í vaxandi mæli eftir að njóta þeirra ávaxta sem EES-samningurinn getur veitt okkur, ef rétt er á haldið. Hitt er ljóst að í þessum efnunum, eins og svo mörgum öðrum, sannast máltækið góða -Veldur hver á heldur.

INNGANGUR

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið kom formlega til framkvæmda í byrjun árs 1994. Meginatriði hans fjalla sem kunnugt er um fjórfrelsið svonefnda, þ.e. frjáls vöruviðskipti, frjálsa för launþega, frjálsa þjónustustarfsemi og frjálsa fjármagnsflutninga. Með samningnum undirgengust EES-ríkin einnig samkeppnisreglur Evrópusambandsins og reglur þess um ríkisaðstoð og höfunda- og auðkennarétt. Jafnframt þessu er í samningnum kveðið á um samvinnu EES-ríkjanna á ýmsum öðrum sviðum, þar á meðal í málefnum er varða lítil og meðalstór fyrirtæki (LMF).

Á vettvangi Evrópusambandsins er mikið kapp lagt á að styrkja og efla lítil og meðalstór fyrirtæki. Undir þá skilgreiningu falla öll fyrirtæki sem hafa 500 starfsmenn og færri og minna en 38 milljóna ECU ársveltu. Nær öll íslensk fyrirtæki falla því undir þessa skilgreiningu. Hugmyndir eru uppi um breytingar á skilgreiningunni, en engin ákvörðun liggur hins vegar fyrir.

Á vegum Evrópusambandsins eru hafnar margháttaðar aðgerðir sem miða að því að efla lítil og meðalstór fyrirtæki og auka hagvöxt innan bandalagsins. Þær eru ýmist í formi áætlana, verkefna eða upplýsingakerfa. Þetta á að gera með því að einfalda og bæta starfsskilyrði fyrirtækja sérstaklega lítilla og meðalstórra, draga úr álögum á LMF innan bandalagsins með stjórnunaraðgerðum og lagasetningu s.s. á sviði óbeinna skatta, með því að auðvelda fyrirtækjum aðgang að upplýsingum, efla samstarfsmöguleika þeirra og samskipti milli fyrirtækja, gera undirverktökum auðveldara að takast á hendur verk óháð landamærum, stuðla að athugunum á starfsskilyrðum LMF og tryggja hagsmuni þeirra í margvíslegum áætlunum og verkefnum. Á grundvelli EES-samningsins eiga íslensk fyrirtæki aðgang að og/eða rétt til að hagnýta sér flestar af þessum aðgerðum á einn eða annan hátt.

Rit þetta er lýsing á þeim aðgerðum sem mestu máli skipta og ætla má að helst eigi erindi til íslenskra fyrirtækja. Er þess vænst að ritið glæði áhuga á þátttöku í þessum aðgerðum. Fullyrða má að mörg íslensk fyrirtæki geta haft mikið gagn af þeim, enda árangur af flestum aðgerðanna mjög góður. Það er mikilvægt að íslensk fyrirtæki og íslenskt atvinnulíf nýti sér sem best þau tækifæri sem gefast með EES-samningnum. Þátttaka í aðgerðum til stuðnings litlum og meðalstörrum fyrirtækjum er mikilvægur þáttur í að nýta þau tækifæri sem samningurinn gefur.

I. VERKEFNI Á SVIÐI UPPLÝSINGAMIÐLUNAR

I.1 EURO INFO CENTRE (Upplýsingamiðstöð um Evrópumálefni)

Markmið

Euro Info Centre (hér eftir kallað EIC) er kerfi sem á að veita fyrirtækjum í Evrópu greiðan aðgang að upplýsingum um málefni Evrópusambandsins. EIC-kerfið veitir allar upplýsingar um málefni sambandsins sem nauðsynlegar má telja fyrir einstaklinga og fyrirtæki, s.s. um stefnu þess, löggjöf, stofnanir, staðla og áætlanir á þess vegum. Lögð er mikil áhersla á að upplýsingar sem veittar eru séu ávallt nýjar. Nú eru starfræktar yfir 240 EIC-stöðvar og eru flestar þeirra í aðildarríkjum Evrópusambandsins. Nokkrar eru starfandi utan aðildarríkjanna, bæði í EES/EFTA-ríkjunum, á Miðjarðarhafssvæðinu og víðar.

Framkvæmd

Hvernig starfar kerfið?

EIC-kerfið er rekið á ábyrgð þeirrar deildar Evrópusambandsins sem hefur umsjón með fyrirtækjastefnu þess. Sú deild veitir EIC-stöðvunum alla þjónustu, s.s. við gagnaöflun, veitir þeim aðgang að gagnagrunni sambandsins og gefur einnig út fréttabréf. Hún sér jafnframt um þjálfun starfsfólks EIC-stöðva.

EIC-kerfið er mjög fullkomið og tryggir það skjóta og örugga dreifingu upplýsinga, bæði frá framkvæmdastjórn til einstakra EIC-stöðva og einnig milli þeirra. Lögð er áhersla á að farið sé með allar fyrirspurnir sem EIC-kerfinu berast sem trúnaðarmál. EIC-stöðvar eiga því að geta veitt skjóta og góða þjónustu.

Fyrir hverja - helstu verkefni

EIC-stöðvar miðla upplýsingum til einstaklinga og fyrirtækja. Flestar spurningar sem þær fá varða stefnu Evrópusambandsins, einkum sameiginlega markaðinn, tollamál, rannsókn- og þróunarverkefni, fjármálastofnanir, fyrirtækjalöggjöf og tæknistaðla. Vegna góðrar tengingar milli hinna einstöku EIC-stöðva geta þær einnig veitt upplýsingar um einstök atriði í löggjöf annarra aðildarríkja.

Hlutverk EIC er einnig að vera fyrirtækjum til ráðgjafar á margvíslegum sviðum, t.d. varðandi þátttöku í útboðum á vegum opinberra aðila, rannsókn- og þróunarverkefni, tæknistaðla, möguleika fyrirtækja til að færa út starfssvið sitt, við leit að samstarfsaðilum o.s.frv. EIC-stöðvum ber einnig að vekja athygli á verkefnum og áætlunum á vegum Evrópusambandsins.

Dæmi um árangur

Framleiðandi stálskápa í Árósum í Danmörku tók eftir auglýsingu frá EIC þar í borg þess efnis að það hjálpaði fyrirtækjum við að finna nýja markaði. Fyrir milligöngu EIC hóf stálskápaframleiðandinn að gera tilboð í verkefni sem boðin voru út í austurhluta Þýskalands. Fljótlega fóru honum að berast pantanir og nú er svo komið að 20% af framleiðslu fyrirtækisins fara þangað. Fjöldi starfsmanna hefur tvöfaldast við það að þessir markaðir opnuðust. Fyrirtækið hefur nú einnig hafið sölu á framleiðslu sinni til Póllands og Tékklands.

Umsjónaraðili

Umsjónaraðili með rekstri EIC á Íslandi er Útflutningsráð Íslands, Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík, sími 511 4000, fax 511 4040.

II. VERKEFNI TIL AÐ GREIÐA FYRIR SAMSTARFI FYRIRTÆKJA

II.1 BC-NET - Business cooperation network (Viðskipta- og samstarfsnet)

Markmið

BC-NET-kerfið felst í hópi ráðgjafa í einstökum löndum sem starfa að frumkvæði og undir umsjón Evrópusambandsins. Hlutverk BC-NET-kerfisins er að aðstoða fyrirtæki við að leita sér að samstarfsaðilum bæði innan Evrópusambandsins og utan. BC-NET-ráðgjafar eru tengdir sérstakri tölvumiðstöð í Brussel, þar sem geymdar eru í gagnabanka allar fyrirspurnir sem borist hafa í gegnum BC-NET-kerfið.

Framkvæmd

Hvernig starfar kerfið?

Að jafnaði eru BC-NET-ráðgjafar sérhæfðir í að koma á samstarfi milli fyrirtækja eða veita viðskiptaupplýsingar og getur bæði verið um að ræða opinbera aðila og einkaaðila.

Helstu kostir BC-NET-kerfisins:

- BC-NET-kerfið er byggt á hópi ráðgjafa sem eru sérfræðingar í að aðstoða fyrirtæki við að leita sér að samstarfsaðilum.
- BC-NET-kerfið er fyrsta alþjóðlega kerfið sem hefur það að markmiði að leita samstarfsaðila. Hver ráðgjafi hefur því greiðan aðgang að upplýsingum frá starfsbræðrum sínum víðs vegar um heiminn.
- Gengið er út frá ákveðnum sjónarmiðum við leit að samstarfsaðilum, s.s. hvers konar samstarfi er verið að leita eftir, tegund atvinnugreinar og því hvar hugsanlegir samstarfsaðilar eru.
- Kerfið er þannig upp byggt að unnt er að fara með allar framlagðar upplýsingar sem trúnaðarmál.
- Hinn fullkomni tölvubúnaður sem kerfið notar gerir kleift að afla upplýsinga um hugsanlega samstarfsaðila með skjótum hætti.
- Tryggt er að hver BC-NET-ráðgjafi sé starfi sínu vaxinn og geti á faglegan hátt veitt þær upplýsingar sem um er beðið.

Fyrir hverja - leit að samstarfsaðila

Leit að samstarfsaðila með aðstoð BC-NET-kerfisins má skipta í eftirfarandi stig:

1. Undirbúningsstig:

Fyrirtæki í leit að erlendum samstarfsaðila í tæknilegum, viðskiptalegum eða fjárhagslegum tilgangi hefur samband við BC-NET-ráðgjafa. Hann aðstoðar við að taka saman yfirlit yfir styrk og veikleika fyrirtækisins í samstarfi. Telji ráðgjafinn líkur til þess að leit að samstarfsaðila með aðstoð BC-NET-kerfisins skili árangri, tekur hann saman lýsingu á því eftir hvers konar samstarfi er verið að leita. Jafnframt skráir hann inn í tölvukerfi helstu upplýsingar um það fyrirtæki sem er að leita eftir samstarfsaðila.

2. Samanburður og leit í BC-NET-kerfinu:

Ráðgjafinn sendir samstarfslýsinguna í gegnum tölvu ásamt helstu upplýsingum um fyrirtækið til BC-NET-miðstöðvarinnar í Brussel. Tölvun ber saman fengnar upplýsingar við allar þær samstarfsfyrirspurnir sem fyrir eru. Við þá leit eru þrjú meginsjónarmið höfð í huga, þ.e. hvers konar samstarfs er leitað, um hvers konar atvinnugrein er að ræða og hvar hugsanleg samstarfsfyrirtæki eru.

3. Hugsanlegir samstarfsaðilar fundnir:

Þegar samstarfsaðilar eru fundnir er upplýsingum um þá strax komið á framfæri við ráðgjafa þess fyrirtækis sem um ræðir. BC-NET-ráðgjafi þess fyrirtækis sem er að leita eftir samstarfsaðila metur hvern og einn hinna hugsanlegu samstarfsaðila og hefur síðan samband við þann eða þá sem helst virðast koma til greina. Í framhaldi af því fer hann að undirbúa fundi með viðkomandi aðilum.

4. Aðstoð við samningsgerð:

BC-NET-ráðgjafar hafa það hlutverk að aðstoða fyrirtæki við gerð samnings við þann eða þá aðila sem ákveðið er að efna til samstarfs við. Bæði getur verið um að ræða aðstoð frá ráðgjöfunum sjálfum eða, telji þeir ástæðu til, frá öðrum sérfræðingum sem hafa betri þekkingu á því sviði sem um er að ræða. Samstarfssamningar af þessu tagi eru í eðli sínu flóknir, þannig að hvatt er til að menn leiti sérfræðiaðstoðar við gerð þeirra.

Dæmi um árangur

Dæmi um notendur BC-NET eru fyrirtækin Sjóklæðagerðin, Max hf. og Hagkaup. Fyrirtækið Max hf. leitaði t.d eftir samstarfsaðilum í Evrópu vegna innkaupa á hráefni til vinnslu hjá fyrirtækinu og hugsanlegum dreifingaraðilum á vörum í Evrópu og komst á samvinna á milli þessara aðila á þessu sviði.

Umsjónaraðili

Á Íslandi gegnir Iðntæknistofnun Íslands, Keldnaholti, 112 Reykjavík hlutverki BC-NET-ráðgjafa undir umsjón Nýsköpunar- og framleiðnideildar stofnunarinnar. Síminn er 587 7000, fax 587 7409.

II.2 EUROPARTENARIAT (Fundir um samstarf)

Markmið

Markmið Europarténariats-áætlunarinnar er að efla atvinnulíf á þeim svæðum innan Evrópusambandsins þar sem slíkt er talið mikilvægt. Þetta er gert með því að hvetja fyrirtæki frá ríkjum innan og utan Evrópusambandsins til að stofna til samstarfs við fyrirtæki frá þessum svæðum. Þetta er gert með sérstökum staðbundnum fundum.

Framkvæmd

Hvernig er áætlunin framkvæmd?

Framkvæmd áætlunarinnar er með þeim hætti að efnt er til stórra funda tvisvar á ári og þrisvar frá og með 1996. Dæmi um staði þar sem slíkir fundir hafa verið haldnir eru Írland, Wales, Skotland, Norður-Spánn og Pólland. Árið 1996 verður Europarténariats-fundur haldinn í Luleå í Svíþjóð. Skipuleggjendur og frumkvöðlar að fundum þessum eru aðilar á borð við samtök iðnaðar eða verslunar, tæknistofnanir, EIC-stöðvar eða ráðgjafa.

Eftir að skipuleggjendur hafa fengið samþykki framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins fyrir að Europarténariats-fundur verði haldinn hefst undirbúningur. Hann tekur að jafnaði 12 mánuði og undirbúningur fundarins skiptist í eftirfarandi stig:

Fyrsta stig:

Skipuleggjendur byrja á því að auglýsa eftir þáttökufyrirtækjum frá því landsvæði þar sem fundurinn á að fara fram. Úr hópi umsækjenda velja skipuleggjendur síðan þau fyrirtæki sem talin eru best í stakk búin til samstarfs, en að jafnaði eru það á bilinu 400 til 500 fyrirtæki sem eru valin. Þessi fyrirtæki má kalla móttökufyrirtæki. Valið fer fram á grundvelli þeirra almennu upplýsinga sem fyrirtæki leggja fram um sig.

Annad stig:

Skipuleggjendur gefa út kynningarbækling þar sem móttökufyrirtækin eru flokkuð eftir atvinnugreinum og hverju þeirra lýst. Þar kemur fram hvers þau vænta af samstarfinu og upplýsingar um veltu þeirra, verðmæti útflutnings og innflutnings, starfsmannafjölda og stofnár. Þá kemur fram hvaða aðila innan fyrirtækisins ber að hafa samband við. Kynningarbæklingurinn er gefinn út í 80 þúsund eintökum, á sex tungumálum og er dreift til u.þ.b. 50 landa nokkrum mánuðum áður en viðkomandi Europarténariats-fundur er haldinn.

Þriðja stig:

Í hverju ríki sem tekur þátt í áætluninni eru svokallaðir Europarténariats-fulltrúar sem bera ábyrgð á dreifingu kynningarbæklingsins þar og að finna fyrirtæki sem erindi gætu átt á fundina. Þeim ber að auglýsa eftir þátttöku og fræða væntanlega þátttakendur, sem kalla má gestafyrirtæki, um það hvernig Europarténariats-fundir fara fram. Þá skulu þeir aðstoða gestafyrirtækin við hagnýtan undirbúning þátttöku.

Fjórða stig:

Á grundvelli kynningarbæklingsins ákveða gestafyrirtækin fulltrúa hverra af móttökufyrirtækjunum þau óska að hitta á fundinum. Með notkun sérstaks tölvukerfis er unnt að hafa alla slíka fundi sem óskað er eftir fyrirfram skipulagða. Slík skipulagning er raunar nauðsynleg til að fundirnir komi að tilætluðu gagni. Þegar til Europarténariats-fundarins er komið á hver þátttakandi að hafa fengið í hendur skrá yfir þá fundi sem skipulagðir hafa verið fyrir hann. Unnt er að hafa allt að 30 fundi skipulagða fyrir hvern aðila þá tvo daga sem Europarténariats-fundirnir standa. Skipuleggjendur fundanna tryggja að fyrir hendi sé fullnægjandi aðstaða í þessu skyni. Einnig er unnt að fá aðstoð túlka sé þess óskað.

Hvernig eru Europarténariats-fundir kostaðir?

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ber kostnað af Europartnariat-fundum að 2/3 hlutum. Afganginn, 1/3 af kostnaðinum, ber móttökuhéraðið. Móttökufyrirtækin greiða lítils háttar þátttökugjald. Gestafyrirtækin greiða hins vegar ekkert fyrir þátttökuna, en verða að bera sjálf allan ferða- og dvalarkostnað.

Dæmi um árangur

Kannanir sem gerðar hafa verið meðal þátttökufyrirtækja sýna að árangur af Europartnariat-áætluninni er verulegur. Um 60% funda hafa leitt til áframhaldandi sambands milli þeirra fyrirtækja sem átt hafa hlut að máli og um 40% fundanna hafa leitt til þess að undirritaður hefur verið samningur. Frá því að fyrsti Europartnariat-fundurinn var haldinn árið 1988 hefur fjöldi móttökufyrirtækja þrefaldast og fjöldi gestafyrirtækja fjórfaldast.

Danskur framleiðandi véla og búnaðar til merkimiðaðframleiðslu tók ákvörðun um að sækja Europartnariat-fund í Glasgow 1993 í þeim tilgangi að efla útflutning. Greiðlega gekk að finna innflytjanda þar í landi, en möguleikarnir sem buðust á tengslum við fyrirtæki víðsvegar að voru meiri en hann hafði gert ráð fyrir. Í kjölfar þessa komust á sambönd við fyrirtæki frá fjölmörgum löndum og er útflutningur hafinn til 10 Evrópulanda. Það sem kom þessum danska aðila á óvart var hversu ódýr og áhrifarík þessi þátttaka var í samanburði við þátttöku á vörusýningum og taldi hann að kostnaðurinn hefði einungis verið 1/30 af kostnaði vegna þátttöku í hefðbundinni vörusýningu.

Fyrir hverja?

Fyrir fyrirtæki sem eru að leita að samstarfsaðilum innan Evrópu, s.s. vegna rannsókna og þróunar, markaðssetningar, fjármögnunar eða tæknisamvinnu.

Umsjónaraðili

Á Íslandi gegnir Iðntæknistofnun Íslands, Keldnaholti, 112 Reykjavík hlutverki Europartnariat-fulltrúa og umsjón með starfseminni hefur Nýsköpunar- og framleiðnideild stofnunarinnar. Síminn er 587 7000, fax 587 7409.

II.3 INTERPRISE (Fundir um samstarf)

Markmið

Markmið Interprise er að stuðla að samstarfi á milli fyrirtækja, einkum innan Evrópusambandsins. Interprise-áætlunin er að mörgu leyti lík Europartenariat-áætluninni. Fundir sem haldnir eru undir hatti þessarar áætlunar eru hins vegar mun fámennari en fundir Europartenariat-áætlunarinnar eða að jafnaði með 45 til 60 fyrirtækjum. Fyrirtæki frá þremur landsvæðum innan Evrópusambandsins hið fæsta verða að taka þátt í Interprise-fundum.

Framkvæmd

Hvaða skilyrði þarf að uppfylla?

Til þess að fundir geti talist Interprise-fundir þarf að uppfylla nokkur skilyrði. Þessi eru helst:

- Þátttakendur verða að koma frá a.m.k. þremur löndum eða landsvæðum innan Evrópusambandsins. Sé þetta skilyrði uppfyllt er heimilt að taka með þátttakendur frá öðrum löndum. Í undantekningartilvikum geta Interprise-fundir farið fram utan Evrópusambandsins.
- Einn aðili ber ábyrgð á skipulagningu og undirbúningi Interprise-funda í hverju þáttökulandi eða á hverju þáttökusvæði.
- Fyrirtækin verða að vera að minnsta kosti 15 frá hverju þáttökulandi eða þáttökusvæði.
- 30% þáttökufyrirtækjanna verða að vera gestafyrirtæki.
- Tilgangur og meginmarkmið Interprise-funda er að örva fyrirtæki til samstarfs.
- Stuðningur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins við fundinn verður að koma fram í öllum gögnum sem birt eru í tengslum við hann.

Hvernig er áætlunin framkvæmd?

Skipuleggjendur Interprise-funda eru oftast samtök iðnaðar eða verslunar, tæknistofnanir, EIC-stöðvar eða ráðgjafar. Skipuleggjendur verða, áður en raunverulegur undirbúningur hefst, að vera búnir að ákveða frá hvaða svæðum gestafyrirtæki koma og hafa um skipulagningu samstarf við sams konar fyrirtæki eða stofnanir frá þeim svæðum. Undirbúningur tekur að jafnaði nokkru skemmri tíma en fyrir Europartenariat-fundi og má skipta honum í eftirfarandi stig:

Fyrsta stig:

Yfirleitt felst undirbúningurinn í því að skipuleggjendur velja móttökufyrirtæki og útbúa samstarfslýsingu fyrir hvert þeirra með svo greinargóðri lýsingu á fyrirtækjunum að væntanleg gestafyrirtæki geti metið þau. Þetta er sama aðferðin og höfð er við undirbúning fundu Europartenariat-áætlunarinnar.

Önnur aðferð sem hafa má við undirbúning er að velja strax í byrjun öll þáttökufyrirtækin, þ.e.a.s bæði móttökufyrirtækin og gestafyrirtækin. Er þá gefin út lýsing á þeim öllum strax á undirbúningsstigi ásamt óskum um samstarf.

Annað stig:

Á sama hátt og í Europartenariat-áætluninni er nú komið að því að dreifa upplýsingum um móttökufyrirtækin meðal væntanlegra gestafyrirtækja. Í því skyni er gefinn út kynningarbæklingur. Annaðhvort eru eingöngu í honum upplýsingar um móttökufyrirtækin eða bæði upplýsingar um þau og gestafyrirtækin, allt eftir því hvor fyrnefndra aðferða hefur verið notuð á fyrsta stigi undirbúnings. Allar helstu upplýsingar um fyrirtækin koma fram í bæklingnum ásamt því hvers konar samstarfi þau eru að sækjast eftir. Bæklingnum er síðan dreift á væntanlegum þáttökusvæðum til að hvetja fyrirtæki þaðan til þátttöku í fyrirhuguðum Interprise-fundi. Kynningarbæklingurinn verður að koma út a.m.k. tveimur mánuðum áður en viðkomandi Interprise-fundur er haldinn. Þannig hafa væntanleg þáttökufyrirtæki nægan tíma til að meta hvaða fyrirtæki þeim finnst fýsilegt að hitta með það að markmiði að kanna möguleika til samstarfs.

Þriðja stig:

Á þessu stigi er leitað að hugsanlegum samstarfsaðilum fyrir móttökufyrirtækin. Þessi leit fer fram á grundvelli samstarfslýsingarinnar sem hvert þeirra hefur gert og birtist í kynningarbæklingnum.

Fjórtða stig:

Hér er komið að Interprise-fundinum sjálfum. Fundirnir eru einkum tvíhliða fundir milli stjórnenda þeirra fyrirtækja sem ákveðið hafa að hittast. Tími hvers þátttakanda hefur verið skipulagður þegar til fundarins er komið. Stundum eru haldin námskeið eða fyrirlestrar í tengslum við Interprise-fundina, t.d. um þau atriði sem skipta helst máli þegar um samstarf milli fyrirtækja er að ræða.

Fimmta stig:

Árangurinn af Interprise-fundinum er metinn, annars vegar með því að athuga fjölda þátttakenda og funda sem haldnir hafa verið milli einstakra fyrirtækja og hins vegar að því er varðar árangur af fundinum, þ.e. með því að athuga fjölda þeirra samninga sem náðst hafa milli fyrirtækja. Mat á árangri liggur í fyrsta lagi fyrir þegar níu mánuðir eru liðnir frá fundinum.

Hvernig eru fundir kostaðir?

Skipuleggjendur Interprise-funda bera ábyrgð á kostnaði við þá. Gestafyrirtæki bera ekki annan kostnað af þátttöku sinni en ferða- og dvalarkostnað. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins veitir margvíslega aðstoð í sambandi við Interprise-fundi, s.s. beina fjárstyrki, aðstoð við undirbúning frá sérfræðingum og með notkun á nafni framkvæmdastjórnarinnar við kynningu.

Fyrir hverja?

Fyrir fyrirtæki sem eru að leita að samstarfsaðilum innan Evrópu, s.s. vegna rannsókna og þróunar, markaðssetningar, fjármögnunar eða tæknisamvinnu.

Dæmi um árangur

Í mars 1995 var haldinn Interprise fundur í Aberdeen í Skotlandi m.a. um opinber innkaup á olíuvörum. Í tengslum við fundinn voru haldin námskeið um undirverktöku og samstarf fyrirtækja í olíuiðnaðinum. Þátttakendur voru frá Bretlandi, Hollandi, Frakklandi og Rússlandi. Í kjölfar fundarins hafa þegar verið undirritaðir tveir samningar og samningaviðræður standa yfir á milli fleirri aðila. Vegna árangursins sem varð af þessum fundi, hefur verið ákveðið að annar sambærilegur fundur verði haldinn á Mersey svæðinu á Englandi í byrjun næsta árs.

Umsjónaraðili

Á Íslandi gegnir Iðntæknistofnun Íslands, Keldnaholti, 112 Reykjavík hlutverki Interprise-fulltrúa og umsjón með starfsemiinni hefur Nýsköpunar- og framleiðnideild stofnunarinnar. Síminn er 587 7000, fax 587 7409.

II.4 BRE - Business Cooperation Centre (Ráðgjöf um samstarf)

Markmið

BRE er fyrsta kerfið sem sett var á laggirnar af hálfu Evrópusambandsins í þeim tilgangi að aðstoða og hvetja fyrirtæki til að leita að samstarfsaðilum á öðrum landsvæðum eða í öðrum löndum.

Framkvæmd

BRE-kerfið byggist á fjölmörgum BRE-fulltrúum og sérstakri BRE-miðstöð í Brussel. BRE-fulltrúarnir eru víða í aðildarríkjum Evrópusambandsins og einnig í fjölmörgum ríkjum utan þess. BRE-fulltrúarnir og BRE-miðstöðin í Brussel eru tengd með tölvuneti.

Hlutverk BRE-fulltrúa - fyrir hverja?

BRE-fulltrúarnir hafa lykilhlutverki að gegna við framkvæmdina, en hlutverk þeirra er:

- Að aðstoða fyrirtæki á því svæði þar sem þeir eru við að leita sér að samstarfsaðila í öðrum löndum með notkun BRE-kerfisins.
- Að koma á framfæri á því svæði þar sem þeir eru óskum sem þeir fá um samstarf frá fyrirtækjum í öðrum ríkjum og greiða fyrir því að koma á samstarfi milli fyrirtækja.
- Að aðstoða fyrirtæki og leiðbeina í samningaviðræðum um væntanlegt samstarf.

Hvernig starfar kerfið?

Leit að samstarfsaðilum með BRE-kerfinu má lýsa á eftirfarandi hátt:

Fyrsta stig:

Fyrirtæki sem áhuga hefur á tækni-, fjárhags- eða viðskiptasamstarfi við fyrirtæki á öðru landsvæði eða í öðru landi, fyllir út eyðublað þar sem fram kemur ósk þess um samstarf, (á ensku Cooperation Profile). BRE-fulltrúarnir aðstoða við gerð samstarfslýsingarinnar og sjá um að allar nauðsynlegar upplýsingar komi þar fram. Samstarfslýsingin er síðan send til BRE-miðstöðvarinnar í Brussel. Þær upplýsingar sem verða að koma fram eru:

- Almennar upplýsingar um viðkomandi fyrirtæki.
- Greinargóð lýsing á því samstarfi sem leitað er eftir.
- Á hvaða svæðum eða í hvaða löndum er verið að leita eftir samstarfi.

Annað stig:

BRE-miðstöðin í Brussel viðurkennir formlega móttöku samstarfslýsingarinnar og færir upplýsingar þær sem í henni felast inn í gagnagrunn sinn. Samtímis útbýr BRE-miðstöðin auglýsingu þar sem efni samstarfslýsingarinnar kemur fram. Auglýsingunni er síðan dreift til BRE-fulltrúanna á þeim svæðum eða í þeim löndum sem áhugi á samstarfi beinist að.

Þriðja stig:

Viðkomandi BRE-fulltrúar koma efni auglýsingarinnar á framfæri á eins fjölbreytilegan hátt og unnt er, s.s. í dagblöðum, tímaritum, viðskiptaritum, fréttablöðum o.s.frv.

Fjórdða stig:

Á þennan hátt er ósk um samstarf komið á framfæri við stóran hóp manna. Sé áhugi fyrir hendi hafa menn annað hvort samband við þann BRE-fulltrúa sem auglýsti eða beint við BRE-miðstöðina í Brussel til að fá frekari upplýsingar.

BRE-miðstöðin sendir þeim sem áhuga sýna fyrirbyggjandi upplýsingar um það fyrirtæki sem óskar eftir samstarfi, m.a:

- Nafn og heimilisfang fyrirtækisins ásamt síma-, fax- og telexnúmerum og nafni þess aðila sem ber að hafa samband við.
- Allar þær almennu upplýsingar sem fyrir liggja um fyrirtækið, s.s. helstu staðreyndir um starfsemi þess, veltu, fjölda starfsmanna o.s.frv.

Þegar þessu stigi er náð geta fyrirtækin haft samband hvert við annað, í því skyni að kanna hvort grundvöllur er til samstarfs, hvort sem er fyrir milligöngu BRE-fulltrúa eða ekki., BRE-fulltrúarnir hafa það hlutverk að aðstoða fyrirtækin í samningaviðræðum um samstarf sé þess óskað.

Auglýsing með ósk um samstarf er að jafnaði á BRE-kerfinu í sex mánuði. Sé þess óskað er unnt að framlengja þann tíma um aðra sex mánuði.

Dæmi um árangur

Sem dæmi um árangur á þessu sviði má nefna að áhugafólk um aukin samskipti Ítalíu og Argentínu hafði samband við einn BRE-fulltrúann á Ítalíu. Árangurinn varð sá að eftir sex mánaða undirbúningsstarf var undirritaður víðtækur samningur um að örva menningar- og efnahagssamvinnu þessara tveggja landa.

Umsjónaraðili

Iðntæknistofnun Íslands, Keldnaholti, 112 Reykjavík undir umsjón Nýsköpunar- og framleiðsludeildar stofnunarinnar er ábyrg fyrir verkefnum á Íslandi. Síminn er 587 7000, fax 587 7409.

III. RÁÐGJAFEVERKEFNI

III.1 EUROMANAGEMENT (Ráðgjafaverkefni)

Markmið

Markmiðið með áætluninni er að stuðla að aukinni samkeppnishæfni evrópskra fyrirtækja með ýmsum aðgerðum sem sérstaklega eru kynntar í hvert sinn.

Framkvæmd

Framkvæmd áætlunarinnar byggist á því að í þáttökufyrirtækjum er unnið að eftirfarandi verkþáttum:

- Gerð starfsáætlunar fyrir fyrirtækið.
- Greiningu á þörfum, markmiðum og getu fyrirtækisins.
- Leit að heppilegum samstarfsaðila.
- Aðstoð við skilgreiningu verkefnisins og stjórnun þess.

Sérstakir ráðgjafar sjá um framkvæmd áætlunarinnar í fyrirtækjunum. Þeir þurfa að hljóta samþykki Evrópusambandsins áður en þeir geta hafið störf. Þátttaka í áætluninni er miðuð við fyrirtæki innan EES. Ráðgjafarnir auglýsa hver á sínum stað eftir þátttöku fyrirtækja í einstökum Euromanagement-aðgerðum jafnóðum og þær hefjast. Hlutverk ráðgjafanna er einnig að velja fyrirtæki úr hópi þeirra sem sækja um. Við það val er einkum haft að leiðarljósi hversu vel fyrirtæki eru í stakk búin til að taka þátt í rannsókn- og þróunarstarfi.

Hver er kostur þess fyrir fyrirtæki að taka þátt í Euromanagement?

Þátttaka í Euromanagement getur hjálpað stjórnendum fyrirtækja til að víkka sjónvildarhring sinn og þar með gert þá að hæfari stjórnendum en áður. Með þátttöku opnast leiðir til samstarfs við fyrirtæki og stofnanir frá öðrum löndum.

Fyrir hverja?

Þátttaka fyrirtækja fer eftir verkefnum og er mismunandi, en auglýst er eftir þátttakendum í hvert skipti. Verkefni geta t.d. verið á sviði stjórnunar, staðla eða umhverfismála o.s.frv. Við framkvæmd áætlunarinnar inni í fyrirtækjunum beita ráðgjafarnir sérstakri aðferðafræði sem felst í tveimur meginþáttum:

- Sérstakri endurskoðun á tilteknum þáttum í rekstri fyrirtækisins ásamt tillögum til breytinga og tillögum um hvernig breytingunum verði hrundið í framkvæmd.
- Aðstoð við undirbúning umsóknar um þátttöku í viðkomandi Euromanagement-aðgerð.

Þátttaka í Euromanagement krefst þess að fullkominn trúnaður ríki milli ráðgjafa og stjórnenda fyrirtækja. Ákveðnar siðareglur sem gilda fyrir ráðgjafa eiga að tryggja að trúnaðarupplýsingum um starfsemi fyrirtækja sé haldið leyndum.

Dæmi um árangur

Síðasta Euromanagement-verkefnið hófst árið 1994 og var fólgið í því að aðstoða fyrirtæki við undirbúning og þátttöku í rannsókn- og þróunaráætlunum. Næsta verkefni verður fólgið í því að aðstoða fyrirtæki í formi ráðgjafa á sviði umhverfismála, vegna aukinna krafna og reglna sem gerðar eru til fyrirtækja á þessu sviði. Gert er ráð fyrir því að verkefnið fari af stað í byrjun árs 1996 og verður auglýst sérstaklega eftir þáttökufyrirtækjum hér á landi sem og annarstaðar innan EES-svæðisins.

Umsjónaraðili

Umsjón einstakra verkefna innan Euromanagement er ákveðin af ESB í hverju tilviki. Næsta verkefni samkvæmt áætluninni er á sviði umhverfismála og hefst í ársbyrjun 1996. Ekki hefur verið tekin

Ákvörðun um hvar verkefninu verður haslaður völlum. Iðntæknistofnun Íslands (s: 587-7000) og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið (560-9070) gefa frekari upplýsingar um verkefnið.

IV. ADGANGUR AÐ RANNSÓKNARVERKEFNUM

IV.1 AÐGERÐIR SEM HVETJA FYRIRTÆKI TIL ÞÁTTTÖKU Í RANNSÓKNAR- OG ÞRÓUNARVERKEFNUM - CRAFT

Almennt

Innan Evrópusambandsins er mikil áhersla lögð á þátttöku fyrirtækja í rannsóknar- og þróunarstarfi. Í tengslum við “Fjórðu rammaáætlunina”, (rannsóknar- og þróunaráætlun Evrópusambandsins 1994-8), hafa verið skilgreind áherslusvið sem talin eru henta fyrirtækjum sem hafa litla eða enga reynslu af rannsóknar- og þróunarstarfi. Sérstök áhersla er einnig lögð á þátttöku fyrirtækja í tækniyfirfærsluverkefnum og á undirbúning rannsóknarverkefna.

Markmið

Að auka þátttöku fyrirtækja í “Fjórðu rammaáætluninni”. Hvatningunni er einkum beint að fyrirtækjum er ekki hafa áður tekið þátt í evrópskum rannsóknar- og þróunarverkefnum og hafa litla eða enga eigin rannsóknar- og þróunarstarfsemi.

Framkvæmd

Skipaðir hafa verið sérstakir tengiliðir (National Focal Point) frá hverju ESB-landi og tengiliðir (Focal Points) við einstakar tækniáætlanir Evrópusambandsins er hafa það hlutverk að:

- Koma á samböndum milli fyrirtækja er hafa svipaðan eða samstæðan áhuga á rannsóknar- og þróunarstarfi.
- Auðvelda slíkum fyrirtækjum að ná til nýrra notenda - nýrra markaða.

Fyrir hverja?

Verkefnið er fyrir fyrirtæki sem hafa litla eða enga reynslu af rannsóknar- og þróunarstarfi. Til þess að léttu undir og hvetja fyrirtæki til þátttöku í rannsóknar- og þróunaráætlunum Evrópusambandsins eru boðnar tvær tegundir styrkja:

Könnunarstyrkir (Exploratory awards)

Veittir eru könnunarstyrkir að upphæð 45 þús. ECU (um 3,6 millj.kr.). Lágmarkskrafa er þátttaka tveggja fyrirtækja frá tveimur löndum. Oftast er enginn sérstakur umsóknarfrestur um þessa styrki og eru umsóknareyðublöðin tiltölulega einföld. Umsóknir eru teknar til afgreiðslu 3-4 sinnum á ári. Styrki sem veittir eru skal nota til að kanna fýsileika þeirrar hugmyndar sem um ræðir og til að koma á samstarfi. Styrkurinn nemur um 75% af heildarkostnaði við viðkomandi verkefni. Styrkurinn er oftast greiddur eftir á eða þegar lögð er inn umsókn um framhaldsverkefni. Verkefni þessi standa oftast yfir í 3-4 mánuði, en mega að hámarki standa yfir í eitt ár.

Samstarfsverkefni (Co-operative research projects)

Samvinnuverkefni þar sem styrkuppghæðir geta verið á bilinu 0,3-1,0 milljónir ECU (á bilinu 24-85 millj.kr.). Að lágmarki verða fjögur fyrirtæki frá a.m.k. tveimur löndum að vera þátttakendur í því verkefni sem styrkt er. Þar af verður annað landið að vera aðildarríki Evrópusambandsins. Þá er einnig skilyrði að rannsóknar- og þróunarvinnan sé að hluta til unnin hjá viðurkenndri rannsóknar- og þróunarstofnun. Styrkur getur að hámarki numið 50% af heildarkostnaði við hvert verkefni. Þátttökufyrirtæki geta lagt fram 30% kostnaðar í formi vinnu og búnaðar. Verkefni þessi standa oftast yfir í 1-2 ár.

Könnunar- og samstarfsstyrkir eftir áætlunum

Veittir eru könnunar- og samstarfsstyrkir í eftirfarandi áætlunum:

- Upplýsingatækniáætlun.
- Iðnaðar- og efnistöknáætlun.
- Áætlun um stöðlun, mælingar og prófanir.
- Umhverfis- og loftslagsáætlun.
- Líftækniáætlun.
- Líf- og læknisfræðiáætlun.
- Landbúnaðar- og fiskveiðiáætlun.
- Orkuáætlun.
- Samgönguáætlun.

Dæmi um árangur

Tiltölulega fá íslensk fyrirtæki hafa enn sótt um könnunarstyrki, en 80% þeirra sem sótt hafa um hafa fengið stuðning. Gera má ráð fyrir að þetta sé auðveldasta leiðin til þess að komast inn í rannsókn- og þróunaráætlun Evrópusambandsins.

Fulltrúar norrænu rannsóknaráðanna hafa unnið saman að því að greiða fyrir þátttöku fyrirtækja og finna samstarfsaðila. Norræni iðnaðarsjóðurinn hefur stutt og mun styðja slíka starfsemi. Rannsóknaráð Íslands styrkir einnig undirbúning að evrópskum samstarfsverkefnum á sviði rannsókna og þróunar.

Umsjónaraðilar

Rannsóknarráð Íslands er umsjónaraðili helstu verkefni á sviði rannsókna og þróunar, s.s. “Fjórðu rammaáætlunarinnar”. Kynningarmiðstöð Evrópurannsókna - KER hefur hins vegnar í umboði Rannsóknarráðs haft með að gera kynningu einstakra verkefna á þessu sviði. Meginverkefni KER er að stuðla að nýtingu niðurstaðna á rannsóknum og að stuðla að tækniyfifærslu á milli landa. Í þessu sambandi veitir KER aðilum aðstoð og þjónustu vegna umsókna og upplýsinga er varða margvísleg rannsókn- og tækniverkefni Evrópusambandsins. Einnig veitir KER upplýsingar um hvert aðilar geta snúið sér á afmörkuðum sviðum og hvað varðar einstakar rannsókn- og tækniáætlanir.

KER er rekið af Rannsóknarráði Íslands með styrk frá Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Rannsóknarráð Íslands hefur fengið Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknþjónusta Háskólana til liðs við sig um rekstur starfseminnar. Nánari upplýsingar fást hjá eftirtöldum aðilum:

Rannsóknarráði Íslands, Laugavegi 13, Reykjavík, sími: 562-1320.

Iðntæknistofnun Íslands, Keldum, Reykjavík, sími: 587-7000.

Rannsóknþjónusta Háskólans, Tæknigarði, Dunhaga 5, Reykjavík, sími: 525-4900.

IV.2. INNOVATION (Nýsköpunaráætlun)

Markmið

Í heimi örra tækniframfara er nauðsynlegt fyrir stjórnendur fyrirtækja að fylgjast með þeirri nýsköpun sem sífellt á sér stað. Innan Evrópusambandsins er mönnum ljóst mikilvægi þessa og er "Innovation"-áætlunin liður í því að festa nýsköpunarhugsun í sessi hjá stjórnendum fyrirtækja. Áætlunin er hluti af "Fjórfundu rammaáætlun" Evrópusambandsins um rannsóknir og þróun og er markmiðið með áætluninni einkum eftirfarandi:

- Að skapa umhverfi sem er hagstætt fyrir nýsköpun.
- Auðvelda aðgang fyrirtækja að tækninýjungum.
- Að stuðla að dreifingu á tækniþekkingu.
- Að tryggja að upplýsingar um hentugar tækninýjungar standi fyrirtækjunum til boða.

Framkvæmd

Fyrir þá stjórnendur í fyrirtækjum sem gera sér grein fyrir mikilvægi þess að hagnýta sér tækninýjungar er "Innovation"-áætlunin mikilvægt hjálpartæki. Kjarni hennar felst í því að bjóða fyrirtækjum upp á ráðgjöf og afla upplýsinga fyrir þau og styrkja með því tengslin milli rannsóknastofnananna og fyrirtækjanna. Sú aðstoð sem fyrirtækjunum stendur til boða samkvæmt áætluninni felst einkum í eftirfarandi:

- Að koma á samböndum milli fyrirtækja sem eru með svipaðar áherslur á rannsókn- og tæknisviðinu.
- Að gera fyrirtækjunum kleift að taka þátt í svokölluðum tækniyfirfærsluverkefnum og verkefnum til að meta niðurstöður úr rannsókna- og þróunarverkefnum.
- Að greiða fyrir aðgangi fyrirtækja að niðurstöðum rannsókna og því að þau geti hagnýtt sér þær.
- Að veita aðstoð varðandi einkaleyfi og vernd hugverkaréttinda.
- Að leiðbeina um möguleika á að afla áhættufjár og fjár til nýsköpunarverkefna.

Aðstoð sem fyrirtækjum stendur til boða

1. Innovation Relay Centres (Kynningarmiðstöð Evrópurannsókna - KER)

Hér er um að ræða 50 ráðgjafarstofur víðsvegar í aðildarríkjum Evrópusambandsins, á Íslandi og í Noregi. Hlutverk þeirra er m.a. að dreifa rannsóknaniðurstöðum meðal fyrirtækja í Evrópu og bjóða fyrirtækjum upp á leiðbeiningar, ráðgjöf og þjálfun á rannsóknasviðinu í samræmi við þarfir þeirra hverju sinni.

2. CORDIS (Gagnabanki um tækni og vísindi)

Hér er um að ræða upplýsingaþjónustu fyrir fyrirtæki um vísinda- og tækniáætlanir Evrópusambandsins. Í gagnabankanum er unnt að fá upplýsingar um allar rannsókna- og tækniáætlanir, umsóknarfresti, upplýsingar um niðurstöður rannsókna, áherslur á þessu sviði o.s.frv. CORDIS er því gagnabanki sem geymir víðtækar upplýsingar um þá rannsóknastarfsemi sem fram fer samkvæmt áætlunum Evrópusambandsins. Á Íslandi gegnir Rannsóknarráð Íslands hlutverki tengiliðar við CORDIS.

3. Tengsl milli stofnana, samtaka og fyrirtækja

Mikilvægt er að koma á virkum tengslum milli þeirra aðila sem á einhvern hátt tengjast nýsköpun, svo sem stofnana, samtaka og fyrirtækja. Í flestum ríkjum Evrópu er til tengslakerfi (network) milli þessara aðila. Í tengslum við "Innovation"-áætlunina er unnið að því að tengja öll þessi kerfi betur með það að markmiði að stofnanir eða samtök í hverju landi verði tengd öllum sambærilegum stofnunum eða samtökum víðsvegar um Evrópu. Þetta átak er mikilvægt til að efla nýsköpun.

4. Aðstoð við að koma nýsköpunarhugmyndum í framkvæmd

Talið er að aðalástæða þess að nýsköpunarhugmyndir sem fæðast í evrópskum fyrirtækjum komast sjaldan í framkvæmd sé sú, að fyrirtækin hafi ekki nógu greiðan aðgang að fjármagni til að gera alvöru úr hugmyndunum. Evrópsk fyrirtæki búa að þessu leyti við mun lakari aðstöðu en fyrirtæki í Bandaríkjunum og Asíu. Í tengslum við Nýsköpunar-áætlunina er verið að gera ýmislegt til að bæta þetta ástand. Má þar nefna fjárfestingarfundi (Investment Forum) þar sem fyrirtækjum sem þurfa á fjármagni að halda gefast tækifæri til að kynna áætlanir sínar fyrir áhættulánasjóðum sem eru að leita eftir áhugaverðum tækifærum til lánveitinga. Þá má einnig nefna verkefni sem kallað er "Technology Performance Financing". Þar veitir Evrópusambandið bönkum og fjármálastofnunum baktryggingu við veitingu áhættulánsfjár til lítilla fyrirtækja. Íslenskum fyrirtækjum stendur þátttaka í þessum verkefnum til boða.

5. Stefnunmarkandi aðgerðir til nýsköpunar

Hér er um að ræða úttektir og samanburðarkannanir á aðferðum sem reyndar hafa verið bæði innan Evrópu og utan til að stuðla að nýsköpun. Niðurstöður þessara úttekta og kannana eru lagðar fyrir þá aðila innan Evrópusambandsins sem taka ákvarðanir um hvert fjármagn til nýsköpunar skuli veitt. Helsta verkefnið nú í þessu sambandi kallast "European Innovation Monitoring System" (EIMS).

6. Tækniyfifærsluverkefni

Þar er um að ræða tvær tegundir verkefna. Annars vegar er yfifærsla á tækniþekkingu frá einni iðngrein til annarrar (Technology Transfer Projects) og hins vegar nýting á niðurstöðum úr rannsóknar- og þróunarverkefnum í atvinnulífinu (Technology Validation Projects).

7. Sérstök aðstoð varðandi einkaleyfi og hugverkaréttindi

Í tengslum við Nýsköpunar-áætlunina er verið að setja á laggirnar þjónustu sem veita á fyrirtækjum upplýsingar og ráðgjöf í málefnum varðandi einkaleyfi og hugverkaréttindi.

Sérstakri upplýsingaþjónustu verður komið á fót og mun hún einkum aðstoða við að leita í upplýsingabönkum um einkaleyfi til að kanna hvort tiltekin tækni, aðferð eða kerfi hefur fengið einkaleyfi eða nýtur verndar.

Þá mun sérstök ráðgjafarþjónusta verða veitt í tengslum við áætlunina þar sem sérfræðingar á þessu sviði munu leiðbeina fyrirtækjunum.

8. Aðgerðir til að stuðla að bættri stjórnun í fyrirtækjum

Dæmi um aðgerðir í þessu sambandi er MINT-verkefnið sem hefur á íslensku verið nefnt "Gerum gott betur" og er í umsjón Iðntæknistofnunar. Endurnýjuðu MINT-verkefni verður hleypt af stokkunum á næstunni og kallast það IMT.

Fyrir hverja?

Fyrirtæki, þar sem stjórnendur gera sér grein fyrir mikilvægi nýsköpunar við að efla og tryggja stöðu fyrirtækja, hafa einkum not af Innovation-Nýsköpunar-áætluninni.

Dæmi um árangur

MINT-verkefnið sem á íslensku heitir "Gerum gott betur" er ráðgjafarverkefni sem unnið hefur verið að á Íslandi frá miðju ári 1994. Markmið verkefnisins er að kanna styrk og veikleika lítilla og meðalstórra fyrirtækja svo að þau geti hagnýtt sér nýjungar í stjórnun og þar með eflt samkeppnishæfni sína. Iðntæknistofnun hefur umsjón með verkefninu, en auk þess unnu ráðgjafarfyrirtækin Hagvangur hf., Nýsir hf. og Ráðgarður hf. að verkefninu.

Alls tóku 20 íslensk fyrirtæki þátt í því. Þeim var veitt ráðgjöf í 6 til 9 daga og greiddi verkefnið "Gerum gott betur" 75% kostnaðar við ráðgjöfina, en þó að hámarki 170 þúsund krónur. MINT-verkefninu er endanlega lokið. Arftaka þess verður hleypt af stokkunum 15. desember nk. og er það verkefni að flestu leyti sambærilegt forvera sínum og kallast IMT. Allar frekari upplýsingar gefur Iðntæknistofnun Íslands.

Subsprint er tækniyfirfærsluverkefni sem styrkt var af verkefninu Sprint sem nú hefur verið fellt undir Innovation-áætlunina. Iðntæknistofnun í samvinnu við Prenttæknistofnun hefur umsjón með þessu verkefni hér á landi, en það snýst um að koma á notkun jurtahreinsa í stað lífrænna leysiefna í prentiðnaði. Árangur af verkefninu er þegar sýnilegur þar sem stærstu prentsmiðjur landsins nota nú jurtahreinsa í stað hinna skaðlegu leysiefna sem áður voru notuð.

Umsjónaraðili

Rannsóknarráð Íslands er umsjónaraðili -Nýsköpunar-áætlunarinnar, en Kynningarmiðstöð Evrópurannsókna - KER hefur í umboði Rannsóknarráðs haft umsjón með einstökum verkefnum innan Nýsköpunar-áætlunarinnar. Meginverkefni KER er að stuðla að nýtingu niðurstaðna á rannsóknum og að stuðla að tækniyfirfærslu á milli landa. Í þessu sambandi veitir KER aðilum aðstoð og þjónustu vegna umsókna og upplýsinga er varða margvísleg rannsókna- og tækniverkefni Evrópusambandsins. Einnig veitir KER upplýsingar um hvert aðilar geta snúið sér á afmörkuðum sviðum og hvað varðar einstakar rannsókna- og tækniáætlanir.

KER er rekið af Rannsóknarráði Íslands með styrk frá Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Rannsóknarráð Íslands hefur fengið Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknþjónusta Háskólana til liðs við sig um rekstur starfseminnar. Nánari upplýsingar fást hjá eftirtöldum aðilum:

Rannsóknarráði Íslands, Laugavegi 13, Reykjavík, sími: 562-1320.

Iðntæknistofnun Íslands, Keldum, Reykjavík, sími: 587-7000.

Rannsóknþjónustu Háskólans, Tæknigarði, Dunhaga 5, Reykjavík, sími: 525-4900.

V. UNDIRVERKTAKA (Subcontracting)

Almennt

Augu manna hafa á undanförunum árum verið að opnast fyrir mikilvægi undirverktöku fyrir atvinnulífið. Evrópusambandið hefur því lagt mikla áherslu á að skapa rekstrarumhverfi sem er hagstætt fyrir undirverktöku, einkum í þeim atvinnugreinum þar sem hún er algeng.

Aðgerðir Evrópusambandsins til eflingar undirverktakastarfsemi hafa byggst á þremur meginstoðum:

- Að skapa rekstrarumhverfi sem er hagstætt fyrir undirverktöku.
- Að bæta upplýsingastreymi og samskipti milli aðalverktaka og undirverktaka.
- Að hvetja fyrirtæki til undirverktöku í ríkjum utan Evrópusambandsins.

Framkvæmd

Aðgerðir sem Evrópusambandið hefur staðið fyrir á þessu sviði eru nokkrar. Þessar má helst nefna:

- Teknar hafa verið saman tölur um efnahagslegt mikilvægi undirverktöku í sérhverju aðildarríki. Nú liggja því fyrir mun betri upplýsingar um undirverktökumarkaðinn en áður. Þessara upplýsinga hefur einkum verið aflað frá atvinnugreinum þar sem undirverktaka er algeng, s.s. í bíla- og vélaiðnaði, rafeindaiðnaði, byggingariðnaði og í vefjar- og fataiðnaði.
- Tekið hefur verið saman leiðbeiningarit um lagaleg atriði sem máli skipta við undirverktöku. Rit þetta á að gera aðilum að samningi aðalverktaka og undirverktaka ljós réttindi þeirra og skyldur og greiða einnig fyrir samskiptum aðalverktaka og undirverktaka, einkum þegar aðilar samnings eru sinn í hvoru landinu. Ritið er í tveimur bindum. Hið fyrra fjallar um lagaleg atriði og vandamál sem oft koma upp í samskiptum aðalverktaka og undirverktaka, óháð búsetu. Seinna bindið fjallar um lagaleg atriði sem máli skipta í sambandi við undirverktöku í einstökum aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Bætt upplýsingastreymi og bætt samskipti milli aðalverktaka og undirverktaka

Eitt af þeim atriðum sem mestu máli skipta við að efla undirverktakastarfsemi er að bæta allt upplýsingastreymi og að bæta samskipti milli aðalverktaka og undirverktaka. Helstu aðgerðir Evrópusambandsins á þessu sviði hafa verið:

- Safnað hefur verið saman skilgreiningum hugtaka í ýmsum atvinnugreinum þar sem undirverktaka er algeng. Hugtök eru skilgreind á mismunandi hátt innan atvinnugreina í hinum ýmsu löndum. Liður í bættum samskiptum á þessu sviði er því að safna slíkum upplýsingum saman.
- Sett hefur verið á laggirnar tölvukerfi með gagnagrunni um undirverktöku innan Evrópusambandsins. Kerfið er kallað SCAN (Subcontracting Assistance Network) og hefur það að markmiði að bæta allt upplýsingaflæði varðandi undirverktökumarkaðinn.
- Gerð hefur verið skrá yfir öll þau samtök eða aðila í aðildarríkjum Evrópusambandsins sem eru á einhvern hátt fulltrúar undirverktaka. Skrá þessi er bæði almenn og flokkuð eftir atvinnugreinum. Markmiðið er að bæta sambandið milli þeirra aðila sem gæta hagsmuna undirverktaka og að greiða fyrir samskiptum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins við undirverktaka og fulltrúa þeirra.
- Haldnir hafa verið margir fundir og ráðstefnur þar sem fjallað hefur verið um undirverktöku í ýmsum atvinnugreinum. Slíkar ráðstefnur hafa t.d. verið haldnar fyrir rafeindaiðnað, fataiðnað og byggingariðnað.
- Haldnar hafa verið að frumkvæði framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins vörusýningar sem beinlínis hafa það að markmiði að stefna saman dæmigerðum aðalverktökum og dæmigerðum undirverktökum.
- Sett hefur verið á laggirnar á vegum framkvæmdastjórnarinnar sérstök upplýsinga- og gagnaöflunardeild fyrir undirverktöku. Deild þessi er með kynningarbás á öllum ráðstefnum, fundum og sýningum sem haldnar eru í tengslum við undirverktöku.

Fyrirtæki hvött til undirverktöku í ríkjum utan Evrópusambandsins

Evrópusambandið hefur beitt sér fyrir sérstökum aðgerðum til að greiða fyrir því að evrópsk fyrirtæki gerist undirverktakar í ríkjum utan sambandsins. Einkum hefur augum verið beint að möguleikum á þessu sviði í Japan.

Fyrir hverja?

Fyrirtæki í atvinnugreinum þar sem undirverktaka er algeng, s.s. í byggingariðnaði og víðar, ættu helst að geta nýtt sér þær aðgerðir sem fram hafa farið til að stuðla að undirverktöku.

Umsjónaraðili

Nýsköpunar- og framleiðnideild Iðntæknistofnunar, Keldnaholti, 112 Reykjavík, fylgist með og veitir upplýsingar um aðgerðir á þessu sviði. Síminn er 587 7000, fax 587 7409.

Euro Info Centre (EIC) á Íslandi sem staðsett er hjá Útflutningsráði Íslands, Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík, veitir einnig upplýsingar á þessu sviði. Sími 511 4000, fax 511 4040.

VI. Nokkur önnur verkefni innan EES og útgefið kynningarefni

Observatory Project (Rannsóknir á starfsumhverfi fyrirtækja)

Markmið þessarar áætlunar er að efla samkeppnishæfni evrópskra fyrirtækja með markvissum og skipulegum rannsóknum á starfsumhverfi þeirra í löndum Evrópusambandsins. Niðurstöður og upplýsingar þessara rannsókna eru síðan nýttar til að endurbæta þau verkefni sem unnið er að eða koma með ný til að efla samkeppnishæfni, verðmætasköpun og atvinnu, ekki síst á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Í rannsóknunum er safnað saman upplýsingum frá fyrirtækjum, stofnunum og stjórnvöldum og síðan eru samdar sérstakar skýrslur á þessu sviði. Sérstakur aðalverktaki sem síðan velur undirverktaka í viðkomandi löndum hefur séð um þessar rannsóknir. Verkefnið gerir ráð fyrir gerð fimm skýrslna, sem allar eru nokkuð langar, eða 400-500 bls. Þegar hafa verið unnar þrjár á allra seinustu árum og fyrirhugað er að vinna tvær til viðbótar. Fram til þessa hefur Ísland ekki verið með í verkefninu þar sem ESB hafði ekki veitt EES-ríkjunum aðgang að verkefninu með sömu skilmálum og fjárframlagi og ESB-ríkjum. Vorið 1995 fengu EFTA-ríkin Ísland og Noregur hins vegar aðgang að verkefninu á grunni EES-samningsins.

Fyrirhugað er að fjórða skýrslan komi út um mitt ár 1996 og hefur Þjóðhagsstofnun verið ráðin undirverktaki til að annast íslenska hluta verkefnisins. Verkefninu í heild er hinsvegar stjórnað af hollensku fyrirtæki. Þess er að geta að rannsóknirnar snúa aðallega að samkeppnisþáttum fyrirtækja og atriðum sem snerta nánasta starfsumhverfi þeirra, en eru ekki hefðbundnar rannsóknir á sviði efnahagsmála s.s. á sviði gengis- og peningamála. Að þessu leyti eru þessar rannsóknir því nokkur nýjung hér á landi, sérstaklega ef höfð er hliðsjón af því hve mikið verk þarna er á ferðinni. Skýrslan ætti síðan einnig að geta orðið íslenskum stjórnvöldum til gagns við að bæta starfsskilyrði atvinnulífs og þar með samkeppnishæfni, verðmætasköpun og atvinnu hér á landi.

Impact II (Info 2000) (Áætlun um eflingu upplýsingamiðlunar)

Meginmarkmið áætlunarinnar er að efla tölvumiðlun upplýsinga, endurskipuleggja og auka samkeppnismöguleika evrópskra framleiðenda á upplýsingasviðinu, kynna notkun sérhæfðrar upplýsingaþjónustu, endurskipuleggja samstarf innan bandalagsins á því sviði með sérstöku tilliti til lítilla og meðalstórra fyrirtækja (LMF) og nýta árangur af öðrum verkefnum innan bandalagsins til að styrkja upplýsingaþjónustumarkaðinn. Til að ná þessum markmiðum er gert ráð fyrir fjórum framkvæmdaleiðum: að auka skilning á upplýsingamarkaðinum, vinna bug á laga- og stjórnunarhindrunum, auðvelda nýtingu upplýsingamiðlunar og auka efni til slíks og í síðasta lagi að stuðla að stefnumörkun á sviði sem leggja skal áherslu á. IMPACT II-áætluninni lýkur um áramótin 1995-96 og við tekur arftaki hennar sem er Info-2000 áætlunin. Markmið hennar eru í meginatriðum þau sömu og hinnar fyrri.

Samstarfsvettvangur íslenskra tölvu- og fjarskiptanotenda (SÍTF) hefur gefið út upplýsingarit til þess að kynna þessa áætlun. Nánari upplýsingar fást hjá Viðskiptavakanum, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Sími 588 6666, fax 568 6564.

Leonardo (Starfsþjálfunaráætlun ESB)

Áætlunin er starfsþjálfunaráætlun Evrópusambandsins. Markmið hennar er að efla starfsþjálfun og endurmenntun í Evrópu í samræmi við þarfir atvinnulífsins á hverjum tíma. Gefið hefur verið út kynningarefni um áætlunina og er það fáanlegt hjá Landsskrifstofu LEONARDO, Rannsóknþjónustu Háskólans, Tæknigarði, Dunhaga 5, 107 Reykjavík. Sími 525 4900, fax 525 4905.

Styrkir Evrópusambandsins til rannsókna og tækniþróunar

Út hefur verið gefið kynningarefni um þessa styrki. Þar er annars vegar fjallað um meðhöndlun umsókna um styrki og hins vegar um vinnubrögð í samningaviðræðum við Evrópusambandið um verkefnastyrki. Nánari upplýsingar fást hjá eftirtöldum aðilum:

Rannsóknarráði Íslands, Laugavegi 13, Reykjavík, sími: 562-1320.

Iðntæknistofnun Íslands, Keldum, Reykjavík, sími: 587-7000.
Rannsóknþjónusta Háskólans, Tæknigarði Dunhaga 5 Reykjavík, sími: 525-4900.

Kostnaðarútreikningar vegna “Fjórðu rammaáætlunarinnar”

Reglur um útreikning og kostnað vegna "Fjórðu rammaáætlunar" Evrópusambandsins. Út hefur verið gefið kynningarrit um útreikning kostnaðar við umsóknir um styrki úr áætluninni. Nánari upplýsingar fást hjá eftirtöldum aðilum:

Rannsóknarráði Íslands, Laugavegi 13, Reykjavík, sími: 562-1320.

Iðntæknistofnun Íslands, Keldum, Reykjavík, sími: 587-7000.

Rannsóknþjónusta Háskólans, Tæknigarði, Dunhaga 5, Reykjavík, sími: 525-4900.

Yfirlit yfir Fjórðu rammaáætlun Evrópusambandsins

Gefið hefur verið út kynningarefni um einstök rannsóknar- og tækniþróunarverkefni sem nú er unnið að samkvæmt áætluninni. Nánari upplýsingar fást hjá eftirtöldum aðilum:

Rannsóknarráði Íslands, Laugavegi 13, Reykjavík, sími: 562-1320.

Iðntæknistofnun Íslands, Keldum, Reykjavík, sími: 587-7000.

Rannsóknþjónusta Háskólans, Tæknigarði, Dunhaga 5, Reykjavík, sími: 525-4900.